

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 — 1969

Nr. 2.

2

18. febrúar 1969.

L Ö G

um lausn kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Miðlunartillögur, er sáttasemjari ríkisins lagði fram til lausnar kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum á sáttafundi 12. febrúar 1969 í sáttamálinu nr. 1/1969, skulu gilda sem samningur milli deiluaðila frá gildistöku laga þessara til ársloka 1969, þó til 1. maí 1970 að því er snertir samkomulag um söltunarlaun.

2. gr.

Verkföll, þar á meðal samúðarverkföll, í því skyni að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, eru óheimil, svo og framhald verkfalla yfirmanna á bátafлотanum, sem hófust í janúarmánuði 1969.

3. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. febrúar 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson,

Stjórnartíðindi A, nr. 2. Útgáfudagur 18. febrúar 1969.